

Rýmingaráætlun Fylkissels

**Í Fylkisseli er viðurkennt
brunaviðvörðunarkerfi, útljós og neyðarlýsing.**

- Ef brunaviðvörðunarkerfi Fylkissels fer í gang skulu gestir yfirgefa mannvirkið fúmlaust.
- Ef iðkendur/nemendur eru á/í skipulagðri æfingu/kennslu skulu þeir fylgja þjálfara/kennara og halda hópinn.
- Þegar komið er út úr húsinu er um tvo safnstaði að ræða á bílastæði við suðurhlið hússins eða á plani við austurenda íþróttahúss. Ef reyk leggur af húsinu er mikilvægt að vera þeim megin sem er reyklaus.
- Aldrei skal fara á móti reyk eða í gegnum reyk.

Neyðarnúmer 112

Símanúmer sem gott er að vita af:

- Fylkissel 5715600
- Framkvæmdastjóri Hörður Guðjónsson gsm: 861-3317
- Rekstrarstjóri Fylkissels Guðrún Ósk Jakobsdóttir 848-6967
- Vallarstjóri og umsjónarmaður fasteigna Guðmann Hauksson gsm: 840-0552
- Íþróttafulltrúi Halldór Steinsson gsm: 783-5070

Starfsfólk/Þjálfarar/Kennarar

- Ef brunaviðvörðunarkerfi Fylkishallar fer í gang skal starfsfólk sem ekki er bundnir yfir iðkendum tafarlaust fara að brunaviðvörðunarkerfi. Þar er lesið af kerfinu hvaðan viðvörðunarboð koma.
- Strax skal hringja í Securitas 533-5533 eða 112 og tilkynna ástand.
- Þjálfarar á skipulögðum æfingum bera ábyrgð á sínum hópi. Nauðsynlegt er að allar aðgerðir þjálfara séu framkvæmdar á yfirvegaðan hátt til að forðast ótta og skipulagsleysi. Hann hugar að flóttaleið og velur auðveldustu leið út strax. Iðkendur fylgja þjálfara þar til hann gefur leyfi um annað.
- Ef reykur er á gangi skal huga að öðrum útgönguleiðum svo sem gluggum eða bíða eftir hjálp slökkviliðs. Reyk í afmörkuðum rýmum er hægt að fyrirbyggja með því að troða blautum fötum undir hurð.

Gátlisti þjálfara/kennara og starfsfólks hússins.

- Skoðið aðstæður og veljið rýmingarleið.
- Gangið með iðkendum út þá leið sem valin hefur verið og að söfnunarsvæði.
- Gætið þess að rýming hússins verði fumlaus og án troðnings.
- Ef þjallan þagnar fljótlega eftir að hún fer af stað er um bilun eða falsboð að ræða. Þó skal alltaf undirbúa útgöngu nemenda/iðkenda
- Ef um falsboð er að ræða er það tækifæri fyrir kennara/þjálfara að ræða við nemendur um eldvarnir og sameiginlega ábyrgð.
- Ef þjallan fer aftur af stað skal rýma skólann. Nemendur/iðkendur fara út úr húsinu í röð ásamt kennara/þjálfara
- Nemendur/iðkendur fara í skó eða skóhlífar.(ekki reima skóna, setja reimarnar niður í skóna).
- Kennari/þjálfari tekur með sér viðbragðsáætlun og nafnalista
- Kennarar/þjálfarar/starfsmenn í hverju húsi fara síðastir og loka hurðum á eftir sér.
- Brýna þarf fyrir börnunum að fara ekki heim, þó að þau búi nálægt.

- Nemendur/iðkendur ganga út á söfnunarsvæðið (bannað að hlaupa) í röð á eftir kennara/þjálfara sínum.
- Þegar komið er á söfnunarsvæðið hefur hver hópur sitt afmarkaða söfnunarsvæði. Kennarar/þjálfarar fara yfir nafna-lista og aðgæta hvort allir nemendur hafa komist út (nafna-kall). Kennari/þjálfari lætur stjórnanda vita ef einhver vantar.
- Stjórnandi söfnunarsvæðanna eru Framkvæmdar-stjóri/umsjónarmaður mannvirkja/Íþróttafulltrúi/rekstrarstjóri eða staðgengill þeirra.
- Slökkvilið kemur, stjórnendur gefa varðstjóra upplýsingar um hvort og þá hve margir nemendur/iðkendur hafa orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
- Farið er með nemendur/iðkendur og starfsfólk af svæðinu í Norðlingaskóla.